

Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 1500 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. maí 1955.

Nr. 54/1954. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller)
 gegn
Frank Padley (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt siglingu varðskipsins, frá því það hinn 26. marz 1954, kl. 16.34, var statt 5 sjómílu í réttvísandi 297° frá Eldey, unz það kom að b/v Sletnes, G.Y. 526, kl. 20.00 sama dag og setti út dufl í kjölfar hans. Varðskipið sigldi síðan kl. 20.57 frá duflinu að stað, sem er 2.0 sjómílu í réttvísandi 169° frá Malarrifsvita og merktur er D á uppdrættinum og beina leið aftur til duflsins. Reyndist duflið samkvæmt þeirri siglingu vera á stað, sem merktur er E á sjóuppdrættinum og er um 3.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Einsýnt þykir, að siglingu varðskipsins frá stað E að stað D beri svo vel saman við siglingu þess frá D og aftur til E, að staður E hljóti að vera svo öruggur, að enginn vafi sé á, að togarinn hafi verið innan fiskveiðitakmarkanna á þeim tíma, er varðskipið kom að honum. Samkvæmt þessu hefur ákærði brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem í héraðsdómi greinir, og með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, sem eigi hefur breytt eftir uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Frank Padley, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Lárusar Fjeldsteds, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. marz 1954.

Ár 1954, mánudaginn 29. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1100/1954: Ákærvaldið gegn Frank Padley, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Frank Padley, skipstjóri á brezka togaranum Sletnes, G.Y. 526, til heimilis í 49 Tennyson Road, Cleethorpes í Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkv. 1. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 82/1952 með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara um kl. 2000 hinn 26. þ. m. utarlega í norðanverðum Faxaflóa innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952. Er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, svo og að upptæk verði gerð afli og veiðarfæri nefnds togara og að ákærði verði dæmdur til alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. apríl 1914 í Grimsby, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Eiríks Kristóferssonar, skípherra á varðskipinu Þór, eru málavextir þessir:

Föstudaginn 26. þ. m. var varðskipið Þór á eftirlitsferð hjá Eldey og djúpt í Faxaflóa. Klukkan 1634 miðaðist Eldey í réttvísandi 117°, fjarlægð 5.0 sjómíliur, eftir giróáttavita og ratsjá. Vegmælir 76.0. Þaðan var haldið í réttvísandi 338°. Klukkan 1950 sýndi vegmælir 114.2, og miðaðist þá togari, sem reyndist vera Sletnes, G.Y. 526, í

7° réttvísandi og bilið milli skipanna þá 1.8 sjómíla. Hélt varðskipið nú beint að togaranum og nam staðar hjá honum klukkan 2000, og var hann þá að toga með stjórnbörðsvörpu. Vegmælir varðskipsins stóð þá á 16.0, dýpi mældist 184 metrar. Þar sem sýnt þótti, að togarinn væri innan fiskveiðitakmarkalínunnar, var kallað til skipstjórans, ákærða, að nema staðar, og gerði hann það. Dufl var þá sett frá varðskipinu í kjölfar togarans, en hann tók að innbyrða vörpu sína. Klukkan 2025 var bátur sendur frá varðskipinu yfir í togarann, og fór III. stýrimaður varðskipsins um borð í hann og tjáði ákærða, að til þess væri ætlað, að hann kæmi yfir í varðskipið. Ákærði gerði það, og var honum þá bent á, að eftir siglingu varðskipsins að dæma væri togarinn innan fiskveiðitakmarkanna. Hann taldi sig ekki vera það, miðað við dýpið og sjókort sitt. Loftskemtamaður togarans kom með ákærða yfir í varðskipið, og voru þeir þar báðir, þar til komið var til hafnar. Varðskipið sigldi nú að duflinu. Klukkan 2057 sýndi vegmælir 17.5, og var þá siglt frá duflinu í réttvísandi 349° þar til klukkan 2206, að Malarrifsviti miðaðist 349° og var í 2.0 sjómílna fjarlægð. Þar var snúið við og siglt að duflinu í réttvísandi 169°. Klukkan 2318 var aftur komið að duflinu, og sýndi vegmælir þá 48.4. Leiddu þessar mælingar í ljós, að staður duflsins, það er að segja staður togarans, þegar varðskipið stöðvaði hann, var 3.0 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna. Ákærði og loftskemtamaður togarans fylgdust með þessu öllu og töldu það rétt. Tók ákærði fram, að eftir korti varðskipsins væri togarinn innan fiskveiðitakmarkanna, en eftir sínu korti væri hann utan þeirra, miðað við dýpi. Þegar komið var að duflinu klukkan 2318, var farið að vinda af ASA, svo að ekki þótti fært að flytja ákærða yfir í togarann. Var ákveðið að biða birtu og freista þess að gera sextantmælingar. Morguninn eftir, klukkan 0630, var haldið af stað til Reykjavíkur með togarann eftir ósk ákærða, þar eð sýnt þótti, að ekki væri unnt að gera hornamælingu, enda var vindur þá ASA 8, sjór ASA 4 og skyggni slæmt til landsins. Til Reykjavíkur komu skipin klukkan 1331 hinn 27. þ. m. Þegar varðskipið stöðvaði togarann, var hægviðri, sjór V 3 og slæmt skyggni. Þessa skýrslu hafa I. og II. stýrimaður varðskipsins staðfest, og báðir gerðu þeir athuganirnar á siglingunni frá duflinu upp undir land og aftur út að duflinu. Skýrslur sínar um málavexti hafa þeir báðir staðfest með eiði.

Ákærði og loftskemtamaður togarans hafa báðir viðurkennt skýrslu skipherrans rétta að öllu leyti, en hinn fyrrnefndi heldur því fram, að sér hafi alls ekki verið það ljóst, þegar varðskipið kom að togaranum, að hann væri innan fiskveiðitakmarkanna. Hann hafði kastað vörpunni og byrjað að toga ca 1¼ klukkustund áður en hann var stöðvaður. Þar, sem hann kastaði, var 103 faðma dýpi samkvæmt bergmálsdýptarmæli. Hann togaði í norðlæga stefnu, og þegar hann var stöðvaður, mældist honum dýpið vera 100 faðmar, sem jafngildir sem næst 183 metrum. Þetta dýpi sýndi sjókort togarans

ekki innan fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum, og af því réð ákærði, að hann væri utan takmarkalínunnar. Staðarmælingu gerði ákærði enga, vegna þess að radió-vitinn á Malarrifi var óvirkur. Þar, sem togarinn var stöðvaður, reyndi ákærði að vísu að miða loftskæptastöðina TFK við Keflavík, en sú tilraun bar ekki árangur.

Að vísu er það svo, að sjókortin sýna ekki fyllilega 100 faðma dýpi á þeim stað, sem togarinn var stöðvaður á, en þrátt fyrir það og með tilliti til nýrra upplýsinga um dýptarmælingar á þessum slóðum þykir með framanskráðum eiddfestum skýrslum skipherrans og I. og II. stýrimanns varðskipsins og viðurkenningu ákærða á mælingum þeirra sannað, að ákærði hafi á þeim tíma, sem í skýrslu skipherrans greinir, verið að botnvörpuveiðum 3.0 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, og varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru.

Samkvæmt þeim refsiaákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 523.35 brúttó smálestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur aflí og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Sletnes, G.Y. 526, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dóm þenna kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómsmennirnir Pétur Björnsson og Þorgrímur Sigurðsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Frank Padley, greiði 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innna 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur aflí og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Sletnes, G.Y. 526, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.